


Íslenskir unglingar reykja minnst í Evrópu

Mikið hefur dregið úr tóbaksreykingum íslenskra unglunga á síðustu sextán árum, ólíkt því sem gerist að meðaltali í Evrópu. Árið 1995 hafði þriðji hver unglingur reykt sígarettur sl. 30 daga sem var rétt um meðaltal Evrópu. Sextán árum síðar átti þetta við um tíunda hvern ungling á Íslandi en hlutfallið hafði að meðaltali lítið breyst í Evrópu. Aðgengi íslenskra unglunga að sígarettum hefur minnkað mikið en viðhorf þeirra til skaðsemi reykninga hafa hins vegar tiltölulega lítið breyst á þessu tímabili.

Samkvæmt niðurstöðum evrópsku vímuefnarannsóknarinnar *European School Survey Project on Alcohol and Drugs (ESPAD)* sem kynntar voru í Stokkhólmi í dag hafa tóbaksreykingar 15–16 ára unglunga á Íslandi minnkað mikið á síðustu sextán árum. Árið 1995 hafði um það bil einn af hverjum þremur íslenskum unglingum reykt sl. 30 daga en aðeins einn af hverjum tíu árið 2011. Eins og sjá má af Mynd 1 hafa hins vegar litlar breytingar orðið á reykningum evrópskra unglunga að meðaltali á þessu sextán ára tímabili.




Mynd 1

Hlutfall 15–16 ára unglunga sem höfðu reykt sígarettur
síðastliðna 30 daga, 1995 – 2011

ESPAD rannsóknin nær til ríflega 100 þúsund unglunga í 36 Evrópulöndum á fjögurra ára fresti, auk þess sem niðurstöðurnar eru samanburðarhæfar við niðurstöður bandarísku rannsóknarinnar *Monitoring the Future*. Á Íslandi var rannsóknin unnin af hópi sérfræðinga á vegum Rannsóknamiðstöðvar forvarna við Háskólann á Akureyri. Þóroddur Bjarnason prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri stýrir ESPAD rannsókninni á Íslandi.


Mynd 2 sýnir hlutfall 15 – 16 ára stráka og stelpna sem reykt höfðu sígarettur sl. 30 daga vorið 2011. Lönd þar sem marktækur munur er á reykingum stráka og stelpna eru auðkennd með gulum lit. Hæst er hlutfallið í Lettlandi þar sem 45% stráka og 42% stelpna höfðu reykt sígarettur en meðaltal Evrópu var 29%. Lægst var hlutfallið á Íslandi þar sem 9% stráka og 10% stelpna höfðu reykt sígarettur sl. 30 daga.



Mynd 2
Hlutfall 15–16 ára unglunga í Evrópu og Bandaríkjunum sem höfðu reykt sígarettur síðastliðna 30 daga

Mynd 3 sýnir breytingar á hlutfalli 15–16 ára unglunga sem reykt höfðu sígarettur sl. 30 daga milli 2007 og 2011. Brotalínan sýnir hvar engar breytingar hafa orðið á þessu fjögurra ára tímabili. Reykingar hafa aukist í löndum sem eru ofan brotalínunnar og eru þau auðkennd með rauðum lit ef aukningin er marktæk. Reykingar hafa minnkað í löndum sem eru neðan brotalínunnar og eru þau auðkennd með grænum lit ef breytingin er marktæk.


Eins og sjá má hafa reykingar aukist marktækt í sjö löndum á milli þessara ára en dregist marktækt saman í fimm löndum, þar á meðal á Íslandi. Samdrátturinn á Íslandi er sex prósentustig og er það með því mesta sem gerist.



Mynd 3
Breytingar á hlutfalli 15–16 ára unglunga í Evrópu sem höfðu reykt sígarettur síðastliðna 30 daga, 2007–2011

Aðgengi 15–16 ára unglunga á sígarettum mælist jafnframt mun minna en áður. Fyrst var spurt að því í annari umferð ESPAD rannsóknarinnar árið 1999 hversu auðvelt eða erfitt væri fyrir unglungana að verða sér úti um sígarettur. Það ár töldu 3% unglunganna að það væri erfitt eða útilokað fyrir þá að verða sér úti sígarettur ef þau vildu en 73% að það væri mjög auðvelt. Vorið 2011 töldu hins vegar 19% að það væri erfitt eða útilokað en 24% að það væri mjög auðvelt.

Á tólf ára tímabili hefur því aðgengi unglunga að tóbaki breyst frá því að þrír af hverjum fjórum unglingum telji mjög auðvelt að nálgast sígarettur niður í um einn af hverjum fjórum. Með sama hætti hefur hlutfall þeirra sem telja erfitt eða útilokað að útvega sér sígarettur hækkað úr einum af hverjum 33 í einn af hverjum fimm nemendum í 10. bekk grunnskóla.




Mynd 4

Hlutfall 15–16 ára unglunga á Íslandi sem telja mjög auðvelt eða mjög erfitt/útilokað að verða sér úti um sígarettur ef þau vildu

Hins vegar hafa viðhorf unglunga til skaðsemi reykinga lítið breyst á tímabilinu 1995–2011. Árið 1995 töldu 74% nemenda í 10. bekk að það væru mikil hættu á því að fólk skaðaði sig á því að reykja pakka af sígarettum á dag en árið 2011 var

Þetta hlutfall 75%. Þetta hlutfall hefur verið afar stöðugt á því tímabili sem ESPAD rannsóknin nær til.



Mynd 5

Hlutfall 15–16 ára unglunga á Íslandi sem telja mikla hættu á því að fólk skaði sig á því að reykja annað slagið eða pakka á dag

Viðhorf unglunga til skaðsemi þess að reykja annað slagið eru hins vegar mun mildari en hafa þó harðnað nokkuð á síðari árum. Árið 1995 töldu 13% nemenda í 10. bekk miklar líkur á því að fólk skaðaði sig á því að reykja annað slagið en árið 2011 var það hlutfall komið í 19%.

Niðurstöður alþjóðlegu ESPAD rannsóknarinnar bendir til að tóbaksforvarnir meðal unglunga hafi skilað miklum árangri á síðustu sextán árum. Reykingar íslenskra unglunga voru nálægt evrópsku meðaltali árið 1995 en sextán árum síðar voru þær minnstar í Evrópu. Svo virðist sem minnkandi aðgengi unglunga að tóbaki sé meginástæða þessarar jákvæðu þróunar en viðhorf unglunga til tóbaksreykinga eru neikvæð og hafa lítið breyst á þessu tímabili.

European School Survey Project on Alcohol and Other Drugs – ESPAD

Evrópska vímuefnarannsóknin ESPAD nær til 15-16 ára unglunga í flestum löndum Evrópu á fjögurra ára fresti. Meginmarkmið rannsóknarinnar er að safna gögnum um neyslu unglunga á áfengi, tóbaki og ólöglegum vímuefnum og byggir Evrópusambandið til dæmis mat sitt á breytingum á vímuefnaneyslu unglunga í Evrópu að mestu leyti á niðurstöðum ESPAD. Rannsóknin hófst árið 1995 og fór fimmta umferð hennar fram vorið 2011. ESPAD rannsóknin er unnin að tilstuðlan Evrópuráðsins og Upplýsingamiðstöðvar Evrópusambandsins um vímuefnamál. Stjórnandi alþjóðlegu rannsóknarinnar er Björn Hibell forstjóri Centralförbundet för alkohol- och narkotikaupplysning í Stokkhólmi en í einstökum löndum annast sjálfstæðir hópar rannsóknarmanna við háskólastofnanir söfnun og úrvinnslu gagna. Alþjóðlegar skýrslur verkefnanna eru að jafnaði gefnar út átján mánuðum eftir fyrirlögn og samhliða því sérstakar skýrslur um stöðu íslenskra unglunga í alþjóðlegu ljósi.

Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri

Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri sér um framkvæmd og úrvinnslu ESPAD rannsóknarinnar á Íslandi, en setrið hefur jafnframt umsjón með alþjóðlega rannsóknaverkefninu Health Behaviours in School Aged Children (HBSC) sem unnið er á vegum WHO. Ísland hefur átt aðild að ESPAD verkefninu frá upphafi og tekið þátt í öllum fimm umferðum verkefnisins. Alþjóðlegur gagnabanki ESPAD er jafnframt starfræktur á vegum Rannsóknaseturs forvarna í samstarfi við alþjóðlegu verkefnisstjórnina í Stokkhólmi. Gagnabankinn geymir upplýsingar um breytingar á vímuefnaneyslu evrópskra unglunga frá 1995 til 2011 og þá þætti sem skýrt geta mun á þróun mála milli einstakra landa og svæða innan Evrópu. Fjöldi fræðimanna víðsvegar um Evrópu vinnur nú að úrvinnslu þessara gagna og hafa niðurstöður þeirra birst í helstu fræðitímaritum á þessu sviði á alþjóðavettvangi. Þóroddur Bjarnason prófessor við Háskólann á Akureyri hefur stýrt íslenska hluta ESPAD frá árinu 1995 og situr jafnframt í framkvæmdastjórn alþjóðlega verkefnisins. Hann veitir allar frekari upplýsingar um niðurstöður ESPAD, í tölvupósti thoroddur@unak.is eða í síma 661 6099.